

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar. Fjárfkrafa hefur ekki verið höfð uppi í máli þessu.

**Dómsorð:**

Ákærði, Jakob Sigurður Árnason, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. nóvember 1970.

Nr. 124/1970. **Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f**  
(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

**Karli Jónssyni, Jóni Ingiberssyni og**  
**Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík**  
**f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens**  
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

**Dómenndur:**

**hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,**  
**Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann**  
**Snævarr.**

Ákvörðun skiptadóms um höfðun riftunarmáls staðfest.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur með stefnu 26. júní 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m., skotið til Hæstaréttar ákvörðun skiptadóms Reykjavíkur frá 5. febrúar 1969 um að heimila höfðun máls til riftunar viðskiptasamningi Friðriks Jörgenssens og áfrýjanda, dags. 28. desember 1966, um sölu á saltfiskbirgðum. Dómkröfur áfrýjanda eru aðallega, að hinni áfrýjuðu dómsathöfn verði vísað heim í hérað til úrskurðar af nýju, en til vara, að dómsathöfnin verði úr gildi felld. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá

Hæstarétti, en til vara, að hin áfrýjaða ákvörðun skipta-dóms verði staðfest. Þeir krefjast málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bú Friðriks Jörgensens var tekið til gjaldþrotaskiptameð-ferðar hinn 14. apríl 1967. Beiðni um málshöfðunarheimild til riftunar greindum samningi var borin fram af stefnda Karli Jónssyni á skiptafundi hinn 12. janúar 1968. Með dómi Hæstaréttar 28. nóvember 1968 var auglýsing um skiptafund 19. september 1968, sem taka skyldi ákvörðun um aðild þrotabúsins að riftunarmálinu, ekki talin birt á lögmætan hátt. Var því boðað til skiptafundar 17. desember 1968, er taka skyldi ákvörðun um þetta efni. Var auglýsingin um þann fund birt á lögmætan hátt. Ákveðið var á fundi þessum að fresta ákvörðun um þetta málefni til næsta fundar, sem haldinn yrði 27. s. m. Á þeim skiptafundi var enn frestað til 20. janúar 1969 að taka ákvörðun um málshöfðunina. Heimildin til riftunarmálshöfðunar var svo borin undir atkvæði á skiptafundinum 20. janúar 1969. Um það segir svo:

„Fyrir liggur nú til atkvæðagreiðslu tillaga Guðjóns Steingrímssonar hrl. frá seinasta fundi um áframhald málssóknar til riftunar á samningum gjaldþrota við Fiskiðjuna h.f. og Fiskimjölsværksmiðjuna h.f., Vestmannaeyjum.

Guðjón Steingrímsson hrl. lýsir nú yfir því, að hann falli frá kröfu sinni um, að höfðað verði mál gegn Fiskiðjunni h.f. í Vestmannaeyjum til riftunar samningi hennar við gjaldþrota. Varðandi kröfu sína um riftunarmálshöfðun á hendur Fiskimjölsværksmiðjunni h.f. leggur hann fyrir fyrri tillögur sínar svo breyttar:

Skiptafundur ákveður að heimila Guðjóni Steingrímssyni hrl. vegna Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar að höfða fyrir hönd þrotabúsins riftunarmál gegn Fiskimjölsværksmiðjunni í Vestmannaeyjum til riftunar samningi, dags. 28. des. 1966, og gera í því máli kröfu um greiðslu á andvirði saltfisks auk vaxta og málskostnaðar. Málssóknin verði búinu að kostnaðarlausu, að því leyti að Guðjóni Steingrímssyni hrl. beri aðeins málflutningslaun, reiknuð af þeim verðmætum, sem koma inn í búið með þessari málssókn.

Verði niðurstaða málsins á þann veg, að málskostnaður verði lagður á sóknaraðila, mun Guðjón Steingrímsson taka þann kostnað á sig.

Tillaga þessi var síðan borin upp undir atkvæði.

Atkvæði féllu þannig, að Guðmundur Pétursson hrl., sem fer með kröfumagn að fjárhæð £ 83.319.7.1 + ísl. kr. 431 þúsund, og Guðjón Steingrímsson, sem fer með kröfur samtals að fjárhæð kr. 2.034.000.00, greiddu atkvæði með tillögunni. Á móti tillögunni greiddi atkvæði Sveinn Snorrason hrl., sem fer með lýstar kröfur að fjárhæð kr. 26.575.000.00. Bragi Björnsson hdl. sat hjá.

Guðjón Steingrímsson hrl. mótmælti því, að krafa Fiskimjölwerksmiðjunnar h.f. skapaði atkvæðisrétt í þessu máli, þar sem Fiskimjölwerksmiðjan er aðili að því.

Sveinn Snorrason hrl. andmælir því, að atkvæðisréttur Fiskimjölwerksmiðjunnar h.f. falli niður í þessu máli, og lítur svo á, að fundurinn hafi ekki veitt Guðjóni Steingrímssyni heimild til málshöfðunar.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Skiptaráðandi tók sér frest til að taka afstöðu til framkominnar tillögu og atkvæðagreiðslunnar um hana“.

Skiptaráðanda bar að skera úr framangreindum ágreiningi og fara eftir því, er hann taldi samrýmast bezt hagsmunum búsins, sbr. 24. og 90. gr. laga nr. 3/1878, og þar sem á rök hans verður fallizt, ber að staðfesta hina áfrýjuðu ákvörðun hans.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

### Dómsorð:

Hin áfrýjaða ákvörðun skiptadóms á að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Fiskimjölwerksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f, greiði stefndu, Karli Jónssyni, Jóni Ingiberssyni og Unnsteini Beck skiptaráðanda f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Ákvörðun skiptadóms Reykjavíkur 5. febrúar 1969.**

Ár 1969, miðvikudaginn 5. febrúar, var skiptaréttur Reykjavíkur settur í skrifstofu borgarfógetaembættisins að Skólavörðustíg 12 og haldinn af borgarfógeta Unnsteini Beck ásamt neðanrituðum vottum. Fyrir var tekið: Að taka ákvörðun um tillögu Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmans um höfðun riftunarmáls á hendur Fiskimjölsværksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, sem fram kom á skiptafundi í þrotabúi Friðriks Jörgensens h/f hinn 20. janúar s.l.

Atkvæðagreiðslur um málshöfðun þá, sem að framan getur, hafa farið svo, að tillögur um málshöfðun hafa yfirleitt ekki sætt andmælum frá öðrum en þeim málflytjanda, sem m. a. fer með umboð væntanlegs varnaraðilja í málinu. Með því að svo virðist sem höfðun riftunarmáls á þeim grundvelli, sem lagður er fyrir í tillögu Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmans, hafi ekki í för með sér verulega hættu á útgjöldum fyrir búið og þar sem riftunarmál gæti leitt til þess, að búinu bætist fjármunir til skiptingar milli almennra kröfuhafa í búinu, þar á meðal þeirra, sem óskað hafa heimildar til málshöfðunar f. h. búsins, þykir skiptaráðanda rétt að veita heimild til margnefndrar málshöfðunar.

Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni heimilast því f. h. kröfuhafanna Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar að höfða f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens dómsmál til riftunar á samningi Friðriks Jörgensens og Fiskimjölsværksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f, dags. 28. desember 1966, um sölu á saltfiskbirgðum og að gera í því máli fjárkröfur um greiðslu á andvirði hins selda fisks svo og kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðilja.

---